

Fundargerð	Dagsetning	27.04.2021
Verkefni	Aðalfundur Þjóðveldisbæjarins	Verkefnisnúmer 00757
Fundarstjóri	Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir	Fundarritari GÓB
Þátttakendur	Einar Bjarnason, Hrönn Konráðsdóttir og Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir	Frá klukkan 15.00
Forfallaðir		Til klukkan 15.45
Fundarstaður	Teams - fjarfundur	

Fundarefni

1. Ársreikningur Þjóðveldisbæjarins

Guðrún fór yfir ársreikning Þjóðveldisbæjarins 2020. Stjórnarmenn samþykktu og undirrituðu ársreikninginn.

Það kom stjórnarmönnum á óvart hversu margir heimsóttu bæinn síðastliðið sumar og að tekjurnar hafi verið mun hærri en áætlað var í fjárhagsáætlun fyrir árið.

Guðrún kynnti fjárhagsáætlun fyrir 2021. Í fjárhagsáætlun er meðal annars ekki gert ráð fyrir viðgerð á stafni. Stjórnarmenn voru sammála um að ef til þess kæmi yrði haldin sérstakur fundur til að fara yfir kostnað og áætlun tengda því, gerður yrði viðauki við fjárhagsáætlun sem stjórnin myndi svo samþykkja sérstaklega.

2. Það helsta á árinu 2020

Unnið var við drög að texta fyrir nýja heimasíðu Þjóðveldisbæjarins. Stefna hugbúnaðarfyrirtæki hannaði síðuna.

Þjóðveldisbærinn var auglýstur í útvarpi sumarið 2020 og á samfélagsmiðlum. Starfsfólk bæjarins var duglegt að deila myndum á Instagram.

Fyrirhuguðum framkvæmdum og viðgerð á stafni var frestað vegna Covid 19 þar sem að verkefnið verður unnið í samstarfi við starfsfólk Landsvirkjunar og þar eru strangar öryggiskröfur varðandi samskipti.

Torfið á bænum var snyrt.

Starfsfólkið fékk þjálfun, fræðsludag sem Þjóðminjasafnið sá um og skyndihjálparnámskeið sem haldið var fyrir sumarstarfsfólkið í Búrfelli.

Engin viðburður var haldin vegna Covid 19

3. Helstu verkefni 2021

Heimasíða: Fengin var verktaki til að halda utan um skipulag og uppsetningu á texta fyrir heimasíðuna, sú vinna er í gangi núna. Huga þarf að því að finna verktaka til að sjá um þýðingu á textanum yfir á ensku.

Gert er ráð fyrir að kynningarmálum verði hagað með svipuðum hætti eins og í fyrra, í útvarpi og á samfélagsmiðlum

Starfsfólk fær þjálfun, fræðsludag og skyndihjálparnámskeið í byrjun sumars.

Í ferð stjórnar í byrjun júní nk. verður skoðað hvað þarf að gera fyrir húsnæðið eða salernin.

Gert er ráð fyrir að panta fleiri leikmuni fyrir sýninguna.

4. Sumarið 2021

Þjóðveldisbærinn verður opin með hefðbundnum hætti í sumar frá kl. 10-17þ Stjórnarmenn ræddu hvort að það ætti að endurskoða opnunartímann t.d. 11-17 – Ákveðið var að bíða með þá umræðu þar til á næsta ári.

Ráðningaferli sumarstarfsfólks stendur yfir en gert er ráð fyrir að ráða þrjá starfsmenn fyrir sumarið og lögð áhersla á að viðkomandi aðilar búi á svæðinu, sé þess kostur.

2/2

Sumarstarfsfólk í Búrfelli sér um afleysingar.

5. Ferð í Þjóðveldisbæinn

Stjórn bæjarins tók ákvörðun um að fara í ferð í Þjóðveldisbæinn í byrjun júní, Guðrúnu falið að senda á stjórnarmenn og varamenn fundarboði.

27. apríl 2021

6. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Verkefnalisti

Samþykktir/Verkefni

1. Ferð í Þjóðveldisbæinn

Ábyrgðarmaður

Guðrún Ólafía

Athugasemdir

Skipulag á ferð

Dags. Lokið

8. júní